

AUGLÝSING

um (aðra) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða
utan Reykjavíkur nr. 50/1983.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, skal afgreiðslutími eftirtalinn lyfjabúða vera sem hér segir:

Dalvíkur Apótek	Kl.
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13:15—18
Apótek Grindavíkur	
Mánudaga—föstudaga	9—12:30 og 14—18
Nesapótek Seltjarnarnesi	
Mánudaga—föstudaga	9—19
Laugardaga	10—12
Aðfangadag og gamlársdag	9—12

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

11. janúar 1985

Nr. 28

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254 15. maí 1979, um hámarkstölu
leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubifreiðastjórafélags
Strandasýslu.

1. gr.

2. grein orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15 sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu, sýslunefndar Strandasýslu og sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.